

Viljayfirlýsing samstarfsnefndar um símenntun/starfsþróun kennara á leik-grunn og framhaldsskólastigi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (mmrn), Samband íslenskra sveitarfélaga (sambandið), Kennarasamband Íslands (KÍ), Menntavísindasvið Háskóla Íslands (mvs HÍ), Háskólinn á Akureyri (HA) og Listaháskóli Íslands (LHÍ) gera með sér samkomulag um samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun leik-, grunn- og framhaldsskólakennara.¹

Hlutverk og markmið samstarfsnefndarinnar er að vinna að sameiginlegri stefnumótun um símenntun/starfsþróun kennara.²

Eftirfarandi verkefni falla þar undir:

1. Kortlagning á framboði símenntunar³ fyrir kennara á leik-grunn og framhaldsskólastigi.⁴
2. Að setja fram sameiginlegan skilningi aðlilla á því hvað felst í símenntun/starfsþróun kennara
3. Vinna við samræmingu og flokkun upplýsinga um símenntunartilboð fyrir kennara.
4. Að semja viðmið um aðgangsstýringar á efni sem fer inn í upplýsingaveitu
5. Vinna við að auðvelda kennurum á mismunandi skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun og auðvelda kennurum að sækja sameiginleg námskeið, ráðstefnur og þróunarverkefni
6. Vinna við að greiða leið kennara til að nýta sér námsframboð háskólanna samhliða vinnu.
7. Umræða og þróun samræmdra aðferða við skráningu starfsþróunar

Samstarfsnefndina skipa 2-3 fulltrúar frá mmrn, 2 fulltrúar frá sambandinu, 5 fulltrúar frá KÍ⁵ og einn fulltrúi frá hverjum háskóla mvs HÍ, LHÍ og HA.

Miðað er við að samstarfsnefndinni til fulltingis verði skipaður stýrihópur sem í sitja 4 fulltrúar úr hópi þeirra sem sitja í samstarfsnefndinni einn fulltrúi frá menntamálaráðuneyti, einn fulltrúi frá KÍ, einn fulltrúi frá sambandinu og einn fulltrúi sameiginlega fyrir mvs HÍ, HA og LHÍ.

Stýrihópur sér um að hrinda verkefnum í framkvæmd og fylgja vinnunni eftir.

Með þátttöku í samstarfsnefnd og stýrihópi skuldbinda aðilar sig til að leggja fram þá vinnu sem nauðsynleg er til að vinna ofangreindum málefnum brautargengi. Samstarfsnefndin skiptir á milli sín verkum og ákveður verklag. Samstarfsnefndin kemur sér einnig saman um hvernig sá kostnaður sem af starfi þessu hlýst skiptist á milli þeirra aðila sem eiga fulltrúa í samstarfsnefndinni. Samstarfsnefndin gerir áætlun um forgangs röðun verkefna.

Í samstarfsnefndinni sitja ólíkir aðilar og framlag hvers aðila um sig tekur mið af þeirri sérfræðipækkingu sem þeir geta lagt fram til verkefnisins.

Allir fjórir aðilarnir leggja fram vinnu:

- inn í samstarfsnefnd og í stýrihóp

¹ Hér er átt við opinbera og einkarekna skóla sem bjóða nám samkvæmt aðalámskrá.

² Þegar hér er fjallað um kennara er átt við kennara, skólastjórnendur og eftir atvikum náms- og starfsráðgjafa.

³ Hér er átt við símenntunarnámskeið og nám sem kennarar geta sótt sér t.d. til háskóla.

⁴ Sjá tilvísun 1.

⁵ Fulltrúar KÍ eru frá leik-grunn- framhalds- og tónlistarskólum ásamt einum fulltrúa skólastjórnenda

- við kortlagningu á framboði símenntunar/starfsþróunar fyrir kennara á leik- grunn- og framhaldsskólastigi.
- við stefnumótun
- við að ná fram sameiginlegum skilningi á hugtakinu símenntun/starfsþróun
- við að leita leiða til að auka möguleika kennara á ólíkum skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun
- í ritstjórn upplýsingaveitu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur sérstaklega fram vinnu:

- við að koma á fót upplýsingaveitu á netinu sem auðveldar samræmingu og flokkun á símenntunartilboðum fyrir kennara

Allir aðilar samstarfsnefndarinnar munu skipa fulltrúa í ritstjórn upplýsingaveitunnar. Vinna ritstjórnar fælist í því að setja fram stefnu um aðgangsstýringu, framsetningu og efnistöð á vefsvæðinu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Samband Íslenskra sveitarfélaga og Kennarasamband Íslands leggja fram vinnu:

- við að afla sem gleggstra upplýsinga um það fjármagn sem varið er til símenntunar/starfsþróunar kennara til að auka möguleika kennara á ólíkum skólastigum að sækja sömu símenntun/starfsþróun


Ofangreindir aðilar skuldbinda sig til þessarar vinnu frá 1. júlí 2011 til 30. júní 2012

Viljayfirlýsingin verður endurskoðuð þremur mánuðum áður en hún fellur úr gildi.


Reykjavík 30. júní 2011


f.h. Mennta- og
menningarmálaráðuneytisins


f.h. KÍ


f.h. Sambands Íslenskra
sveitarfélaga


f.h. mvs HÍ




HA


f.h. LHÍ

Bókun

Við gerð viljayfirlýsingar um samstarfsnefnd um símenntun/starfsþróun kennara á leik-grunn og framhaldsskólastigi er gert ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður til tiltekins tíma. Starfsmaðurinn vinnur með stýrihópi að þeim verkefnum sem talin eru upp í viljayfirlýsingu og heldur utan um vinnu samstarfsnefndarinnar. Fyrsta verk samstarfsnefndar verður að fjalla um ráðningu þessa starfsmanns.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið; KÍ; Samband íslenskra sveitarfélaga; mvs HÍ; HA; LHÍ

KÍ.  
SK 